



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 22. október 2014 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Inga Rós Sævarsdóttir, Steindór R. Haraldsson og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

### 1. Forsendur fjárhagsáætlunar

Fyrir fundinum lá samantekt um helstu forsendur fjárhagsáætlunar 2015 þar sem m.a. kom fram:

- Álagning útsvars verði óbreytt frá yfirstandandi ári 14.52%.
- Álagning fasteignagjalda. Samþykkt að halda óbreyttum álagningarstuðlum fasteignatgjalda.
- Sorphirðu- og eyðingargjöld hækki um 3,4% skv. verðlagi.
- Þjónustutekjur hækki almennt um 3,4% milli ára.
- Við áætlun rekstrarkostnaðar verði almennt gert ráð fyrir 3,4% hækkun verðlags á árinu.
- Þrátt fyrir að umræða á sveitarstjórnarstiginu hafi snúist um að miða launaáætlun almennt við 7,5% hækkun milli ára var ákveðið að viðhafa sömu aðferð og undanfarin ár að launaliðir hveirrar deildar verði teknir og framreiknaðir með þeim breytingum sem þekktar eru á komandi ári.

Sveitarstjórn ræddi samantektina og fjárhagsáætlunargerðina og samþykkti þær meginlínur sem kynntar voru sem forsendur fjárhagsáætlunar 2015.

### 2. Samþykkt um starfskjör fulltrúa í nefndum og ráðum

Fyrir fundinum lá tillaga að samþykktum um starfskjör fulltrúa í stjórnnum ráðum og nefndum sveitarfélagsins. Tillagan byggir á sömu forsendum og almennt hafa gilt um starfskjör og byggir jafnframt á samþykktum um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins nr. 366/2014. Sveitarstjórn ræddi fyrirbyggjandi tillögu og samþykkti hana.

### 3. Byggðakvóti 2014/2015

Fyrir fundinum lá bréf Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 9. október 2014, þar sem tilkynnt er um úthlutun byggðakvóta sem nemur 300 þorskígildistönnum. Í bréfinu er vakin athygli á að engar efnislegar breytingar hafa verið gerðar frá reglugerð síðasta fiskveiðiárs, aðrar en magntölur hafa breyst. Í bréfinu kemur einnig fram að vilji sveitarstjórn leggja til við ráðuneytið að sett verði sérstök skilyrði varðandi úthlutun byggðakvóta sveitarfélagsins skuli hún skila rökstuddum tillögum sínum til ráðuneytisins eigi síðar en 1. nóvember 2014.



Fyrir fundinum lá einnig tölvubréf frá ráðuneytinu, dags. 17. október 2014, þar sem bréf um byggðakvóta er afturkallað vegna reikningsskekkju í úthlutun byggðakvóta og ný úthlutun verði gefin út. Þar kemur einnig fram að frestur til að óska eftir sérreglum verði óbreyttur til 1. nóvember 2014.

Fyrir fundinum lágu drög að bréfi til ráðuneytisins þar sem gerð er tillaga að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta á Skagaströnd. Skilyrði sem þar komu fram eru þau sömu og voru samþykkt fyrir byggðakvóta sl. fiskveiðiárs. Sveitarstjórn yfirfór fyrirbyggjandi tillögur og ræddi þær og samþykkti að gera tillögu að sömu skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta og á síðasta kvótaári.

#### **4. Byggðasafn Húnvetninga og Strandamanna**

Fyrir fundinum lá tölvubréf sveitarstjóra Húnaþings vestra sem boðar til eigendafundar Byggðasafns Húnvetninga og Strandamanna, 22. október kl 14.00 í húsnæði byggðasafnsins að Reykjum. Einnig lágu fyrir fundinum gildandi stofnskrá safnsins, tillaga að nýjum samþykktum fyrir byggðasafnið og tillaga að þjónustusamningi milli eigenda byggðasafnsins. Í þjónustusamningi er gert ráð fyrir að Húnaþing vestra taki að sér rekstur byggðasafnsins gegn fastri greiðslu annarra eigenda og að þjónustusamningurinn gildi í þrjú ár 2015 til og með árinu 2017. Sveitarstjórn yfirfór fyrirbyggjandi gögn og samþykkti að Halldór G. Ólafsson verði fulltrúi sveitarfélagsins á eigendafundinum.

#### **5. Þjóðvegur í þéttbýli á Skagaströnd**

Fyrir fundinum lá greinargerð frá Vegagerðinni um verklag vegna þjónustu gatna í þéttbýli í sveitarfélaginu. Með greinargerðinni er gerð lýsing á þeim verkþáttum sem Vegagerðin hefur undanfarin ár gert samning við sveitarfélagið um að annast vegna götulýsingar, vetrarþjónustu og viðhalds þjóðvegur í þéttbýli. Með breyttu fyrirkomulagi verða framangreindir verkþættir unnir á kostnað Vegagerðarinnar og snjómokstur á stofnvegi frá aðkomu inn í bæinn að hafnarsvæði unnin af verktaka hjá Vegagerðinni.

Sveitarstjórn ræddi málið sem var til kynningar.

#### **6. Tillögur til NV nefndar**

Fyrir fundinum lá samantekt á þeim tillögum sem sendar voru til landshlutaneftndar fyrir Norðurland vestra eða svonefndrar Norðvesturnefndar. Eftirfarandi hugmyndir og tillögur voru sendar til nefndarinnar:

- a) Efling starfsemi Sjávarlíftækniásetursins BioPol ehf. á Skagaströnd
- b) Frumkvöðlasetur í tengslum við BioPol ehf.
- c) Auknar hugvísindarannsóknir á menningarmiðlunarstarfi á landsbyggðinni.
- d) Aukin verkefni Greiðslustofu Vmst.
- e) Bragðefnavinnsla, soð og súpur.



- f) Flutningur á Skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna til Skagastrandar.
- g) Rannsókn á stórskipahöfn
- h) Fuglasetur Norðurlands vestra á Skagaströnd.

Sveitarstjórn ræddi verkefnin og störf Norðvesturnefndarinnar en málið var til kynningar

## **7. Fundur með þingmönnum Norðvesturkjördæmis/fjárlaganefnd**

### **A. Fundur með þingmönnum**

Fyrir fundinum lá greinargerð um þau erindi sem voru borin undir fund með þingmönnum Norðvesturkjördæmis sem haldinn var 2. október sl. að Staðarflöt. Á þann fund mættu frá Skagaströnd, Adolf H. Berndsen, Steindór R. Haraldsson og sveitarstjóri.

Eftirfarandi mál voru lögð fram:

- a) Sjávarútvegur
- b) Húshitunarkostnaður
- c) Hafnarmál
- d) Samgöngumál
- e) Verkefni á rannsókn- og menningarsviði
- f) Heilbrigðismál
- g) Atvinnuleysisbætur og VMST.

### **B. Fjárlaganefnd**

Á fundi með fjárlaganefnd Alþingis í Reykjavík 8. október 2014 voru sömu mál lögð fram og á fundi með þingmönnum kjördæmisins. Á fund fjárlaganefndar mætti Adolf H. Berndsen.

## **8. Bréf:**

- a. Mennta og menningarmálaráðuneytis, dags. 14. okt. 2014

Í bréfinu ráðuneytisins kemur fram að í kjölfar úttektar á Höfðaskóla sem gerð var í febrúar 2014 hafi ráðuneytið farið fram á tímasetta áætlun um hvernig skóli og sveitarfélag hyggist bregðast við þeim tillögum á ábendingum sem fram koma í skýrslunni. Ráðuneytið hafi nú mótttekið umbótaáætlun Höfðaskóla þar sem gerð er grein fyrir þeim umbótum sem sveitarfélagið og skólinn hafi áætlað í framhaldi af skýrslunni. Í júní 2015 muni ráðuneytið óska eftir greinargerð um framkvæmd umbótaáætlunarinnar. Meðfylgjandi bréfinu var umbótaáætlunin.

Bréfið var til kynningar.



b. Bryndísar Valbjarnardóttur, sóknarprests, dags. 13. okt. 2014

Með bréfinu óskar sóknarprestur eftir 50 þús. kr. styrkt til stuðnings við Æskulýðsfélag Hólaneskirkju til að sækja landsmót æskulýðsfélaga Þjóðkirkjunnar sem haldið verður á Hvammstanga 24.-26. október nk.

Erindið var samþykkt.

c. Nokkurra ungmenna á Skagaströnd, dags. 20. sept. 2014

Með bréfi og greinargerð um málið óska Jóhann Almar, Daði Snær, Dagur Freyr, Gunnar Andri, Óðinn Örn, Anton Logi og Stefanía Hrund eftir að byggður verði hjólabrettagarður á Skagaströnd. Í greinargerð í bréfinu kemur fram að áætlaður kostnaður við búnað er um 4 milljónir, án malbikunar á svæðinu.

Sveitarstjórn ræddi erindið en vísaði því til gerðar fjárhagsáætlunar 2015 þar sem tekin verði afstaða til málsins með öðrum verkefnum sem liggja fyrir.

d. Stjórnar USAH, dags. 30. sept. 2014

Með bréfinu er óskað eftir 350 þús. kr. styrk til ungmennasambandsins og m.a. vísað til þess að sambandinu hafi verið úthlutað Landsmóti 50+ sem haldið verði í júní 2015.

Erindinu vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.

e. Verkefnastjóra SEEDS, dags. 22. sept. 2014

Með bréfinu eru SEEDS – sjálfboðaliðasamtökin kynnt og gerð grein fyrir hvernig sjálfboðaliðastarfi í samstarfi sveitarfélaga og samtakanna er háttað.

Sveitarstjórn ræddi efni bréfsins sem var til kynningar.

f. Skólastjóra Höfðaskóla, dags. 22. sept. 2014

Með bréfinu óskar skólastjóri eftir sérstakri heimild til kaupa á 15 spjaldtölvum fyrir skólann og greinir frá helstu kostum og áhrifum spjaldtölvuvæðingar á skólastarf.

Erindið var samþykkt. Samþykktur viðauki við fjárhagsáætlun 2014 þar sem liður 0421-4967 hækki úr 1.300 þús í 2.300 þús.

## 9. Fundargerðir:

a. Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún, 6.10.2014

Fundargerðin var til kynningar.

b. Stjórnar Bs. um menningu og atvinnu. í A-Hún, 22.09.2014

Fundargerðin var til kynningar.

c. Stjórnar SSNV, 05.09.2014

Fundargerðin var til kynningar



- d. Stjórnar SSNV, 24.09.2014  
Fundargerðin var til kynningar
- e. Stjórnar SSNV, 28.09.2014  
Fundargerðin var til kynningar
- f. Stjórnar SSNV, 29.09.2014  
Fundargerðin var til kynningar
- g. Stjórnar SSNV, 01.10.2014  
Fundargerðin var til kynningar
- h. Stjórnar Samb. ísl. sv.félaga, 12.09.2014  
Fundargerðin var til kynningar
- i. Stjórnar Samb. ísl. sv.félaga, 24.09.2014  
Fundargerðin var til kynningar
- j. Stjórnar Samb. ísl. sv.félaga, 8.10.2014  
Fundargerðin var til kynningar

#### **10. Önnur mál**

Ekki voru bókuð mál undir þessum lið.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 10,05

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Róbert Kristjánsson

Steindór R. Haraldsson

Inga Rós Sævarsdóttir

Magnús B. Jónsson